

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvelli

Garðabær, 3. september 2024
Málsnúmer: 202408-0007
MH

Efni: Skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020–2032, Fornhagi 1

Við er til erindis Rangárþings eystra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 6. ágúst 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin nær til lóðarinnar Fornhaga 1 (L189779) sem er skilgreind sem landbúnaðarland (L1) í gildandi aðalskipulagi en verður eftir breytingu skilgreind sem íbúðabyggð (ÍB). Einnig nær hverfisvernd H11, safnskurðir í Landeyjum, inn á svæðið suðvestanvert. Lóðin er um 37 ha og þar er gert ráð fyrir búgarðabyggð með 12 lóðum, hver lóð um 3 ha að stærð. Aðkoma að svæðinu verður frá Akureyjarvegi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu. Svæðið sem um ræðir er hvorki friðlýst né á náttúruminjaskrá. Hins vegar einkennist svæðið af vistgerðum sem hafa ýmist hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Skipulagssvæðið er gróið og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar virðist sem graslendisvistgerðin língresis- og vingulsvist sé umfangsmest. Í graslendinu sjást stöku mólendisblettir, þ.e. lyngmóavist á láglendi, grasmóavist og víðikjarrvist. Allar hafa vistgerðirnar hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Á svæðinu eru einnig litlar tjarnir og votlendi í kringum þær, einkum starungsmýravist og gulstararflóavist, sem báðar eru með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins, auk þess sem þær eru forgangsvistgerðir en það eru vistgerðir sem valdar voru fyrir tillögur á B-hluta náttúruminjaskrár. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun, sem reyndist miserfitt eftir vistgerðum, og því eru upplýsingar sem kortið veitir ekki óbrigðular. Því þarf að hafa fyrirvara á um útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi þegar kortið er skoðað í meiri nákvæmni en mælikvarði þess leyfir.

Votlendið á svæðinu virðist ekki ná þeim stærðarmörkum að það falli undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þrátt fyrir það telur Náttúrufræðistofnun að ávallt ætti að forðast eins og kostur er að skerða votlendi.

Til viðbótar framangreindu má gera ráð fyrir að svæðið sé heppilegt búsvæði ýmissa tegunda mófugla og vaðfugla. Við breytingu á aðalskipulagi er eðlilegt að fjallað verði um fuglalíf á svæðinu og áhrif framkvæmda á það.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

